

GÆÐASTAÐALL UM VARNIR GEGN HÖFTUM

INNGANGUR:

Öryggisútbúnaður íbúa á hjúkrunarheimilum er mikilvægur. Oft eru óljósar línur hvort öryggisútbúnaður er notaður sem fjötri gegn vilja íbúans eða sem öryggisútbúnaður sem íbúinn velur sér sjálfur samanber RAI- staðal um öryggisútbúnað hluti p-4, og/eða til að efla sjálfsbjörg hans/hennar.

STAÐALL:

- Íbúar Sóltúns fá þann viðeigandi öryggisútbúnað sem þeir þurfa til að tryggja öryggi sitt sem best s.s. belti í stóla, grindur á rúm sem hægt er að setja upp, eða borðplötur á hjólastóla. Þetta getur verið útbúnaður sem þeir geta ekki losað sjálfir og þurfa hjálp við að festa og losa.
- Öryggisútbúnaður er notaður að ósk íbúans og / eða af aðstandendum hans og telst þá sem hjálpartæki og nauðsynlegt öryggistæki. Markmiðið er að auðvelda daglegt líf .
- Ef lífi er stefnt í hættu getur reynst nauðsynlegt að grípa til fjötra sem öryggisútbúnaðar. Þarf þá fyrirmæli læknis og er það eingöngu gert ef mikið liggur við.

UPPBYGGINGARVIÐMIÐ:

Að sjálfstjórnunarréttur íbúa Sóltúns sé ávallt virtur og þörfum þeirra uppfyllt með s.s.

- Samveru
- Athöfnum og verkefnum , sem bjóðast við hvers konar iðju
- Lyfjameðferðum
- Reglubundnum salernisferðum
- Líkamsrækt og þjálfun
- Útiveru
- Markvissu einstaklingsbundnu eftirlit með Vökul umönnunarkerfinu

FRAMKVÆMDARVIÐMIÐ:

- Að ávallt sé undirskrift /upplýst samþykki einstaklingsins við val á öryggisútbúnaði, byggt á undangenginni fræðslu og umræðu
- Öryggisútbúnaður er afgreiddur í samráði við iðjuþjálfva.
- Að allt starfsfólk Sóltúns þekki mun á fjötrum og öryggisútbúnaði.
- Teymi til varnar höftum fer yfir notkun öryggisútbúnaðar ársfjórðungslega, gengur úr skugga um að skriflegt samþykki sé til staðar, hjúkrunargreiningar og hjúkrunaráætlun fyrirbyggjandi og mat á framvindu.
- Teymi til varnar höftum stendur árlega fyrir fræðslu og umræðu um notkun öryggisútbúnaðar.

ÁRANGURSVIÐMIÐ:

- Öryggisútbúnaður er notaður sem hjálpartæki til að auðvelda íbúum daglegt líf .
- Fjötrar eru 0 %
- Aðstandendur eru sáttir við þá þjónustu sem ættingjar þeirra fá og eru með í ráðum t.d. um ákvörðunartöku um notkun öryggisútbúnaðar.
- Starfsmenn eru öryggir í starfi, þegar íbúar eru með viðeigandi öryggisútbúnað.
- Ákvörðunartaka er skráð og starfsfólk, aðstandendur og íbúar upplýstir um hana.

Endurbætt útgáfa Öldungur hf. 06.12.2007

Endurbætt útgáfa Öldungur hf. 11.06.2004

Gæðateymis hópurinn um öryggisútbúnað íbúa Sóltúns.: Anna Birna Jensdóttir, Hildur Þráinsdóttir, Kolbrún Sigurpálsdóttir, Rakel Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Steinunn Sigurðardóttir og Guðrún Björg Guðmundsdóttir.